Drangey, smábátafélag Skagafjarðar

Félagsfundur haldinn á Sauðarkróki 12. mars 2016.

Ályktun

Strandveiðar

Drangey, félag smábátaeigenda í Skagafirði skorar á stjórnvöld að efla og auka veg strandveiða. Hvetur félagið Alþingi til að breyta núgildandi lögum í þá átt sem Landssamband smábátaeigenda hefur ítrekað ályktað um, þ.e.að heimilt verði að öðru óbreyttu í gildandi kerfi að stunda veiðar fjóra daga í viku á tímabilinu maí til ágúst ár hvert. Veiðar smábáta eru gríðarlega mikilvægar fyrir hinar dreifðu byggðir landsins, auk þess sem útgerð smábáta laðar að sér mikinn fjölda ferðamanna og eykur lífsgæði íbúa.

Grásleppumál

Drangey, félag smábátaeigenda í Skagafirði hafnar því að fyrstu 20 dagar á grásleppuvertíð verði notaðir sem viðmið varðandi heildarafla og loka þá þar með á þá sem byrjuðu fyrstir,- eftir þessa 20 daga. Fundurinn leggur til að leyfðir verði 32 dagar eins og verið hefur að undanförnu, að lágmarki. Ljóst er að gífurlega kostnaðarsamt er að starta veiðum fyrir aðeins 20 daga. Fundurinn hafnar alfarið aðferðafræði Hafró varðandi stofnstærð og veiðigetu. Lagt er til að fremur verði notaðir grásleppubátar til rannsóknarveiða en togararallið.

Álögur

Drangey, félag smábátaeigenda í Skagafirði mótmælir harðlega sífellt hækkuðum og einnig nýjum álögum hins opinbera á smábátaeigendur um leið og sífellt eru minnkaðar aflaheimildir og sóknardögum fækkað.